# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 7.340 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 9.660 |
| Tóbaksleyfisgjald | kr. 6.300 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin fjögur ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin fjögur ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin fjögur ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og auglýsingakostnaður ef við á. | eitt tímagjald |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks<br>ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | eitt tímagjald |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,<br>úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | eitt tímagjald |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 15 dögum eftir útgáfudag reiknings.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greiðist eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagar gjalda samkvæmt 2. gr. eru 1. júlí eða 1. desember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 305/2006 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Norðurlands vestra með breytingu nr. 589/2007.

*Sauðárkróki, 7. janúar 2008.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis vestra,

**Sigurjón Þórðarson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI A

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Eftirlitsgjald kr. |
|---|---|---|---|
| 01.24.01.1 | Alifuglarækt | 1 | 23.855 |
| 52.31.0.0 | Apótek | 1 | 18.350 |
| 52.31.0.1 | Apótek lítil | 0,33 | 7.267 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 14.680 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélags | 0,5 | 18.350 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 33.515 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 2 | 57.370 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 2 | 62.390 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar, | 1 | 25.690 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 0,5 | 11.928 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 11.010 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 1 | 18.350 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 1 | 29.360 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 12.845 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 29.360 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,5 | 12.845 |
| 01.12.2.0 | Blómarækt | 0,5 | 12.845 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 4.588 |
| 15.81.0.0 | Brauðgerð, kleinur o.fl. | 0,5 | 9.175 |
| 52.46.1.2 | Byggingavöruverslanir | 0,5 | 18.350 |
| 52.46.1.3 | Byggingavöruverslanir, litlar | 0,5 | 9.175 |
| 55.23.0.1 | Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 1 | 36.700 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 0,25 | 4.588 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, minni | 1 | 40.370 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 62.390 |
| 92.53.0.1 | Dýragarður | 0,5 | 10.093 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 11.010 |
| 75.23.0.1 | Fangaklefar | 1 | 20.185 |
| 85.32.6.2 | Félagsheimili með eldhúsi | 1 | 35.350 |
| 85.32.6.1 | Félagsheimili með eldhúsi, minni | 0,5 | 9.175 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | 28.010 |
| 05.02.1.1 | Fiskeldi, lítið | 0,5 | 14.680 |
| 05.02.1.3 | Fiskeldisstöðvar | 1 | 29.360 |
| 15.20.7.1 | Fiskimjölsverksmiðja > 500 tonn pr. sólarhring | 2 | 176.160 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar, minni | 0,25 | 4.588 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir | 0,5 | 13.763 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 29.360 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla á dýrafóðri | 1 | 27.525 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvörum og pökkun | 1 | 29.360 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Eftirlitsgjald kr. |
|---|---|---|---|
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 1 | 11.010 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli | 0,5 | 11.010 |
| 26.13.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,5 | 12.845 |
| 15.71.1.1 | Framleiðsla gæludýrafóðurs, lítil | 0,2 | 3.670 |
| 26.63.0.1 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil | 0,5 | 11.010 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi/ skólar, án mötuneytis | 1 | 18.350 |
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 6.423 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð - stærri flokkun | 1 | 29.360 |
| 90.00.0.41 | Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill | 0,5 | 14.680 |
| 55.12.0.1 | Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítil (heimagisting) | 0,5 | 11.010 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, stærri | 1 | 18.350 |
| 26.11.0.0 | Gleriðnaður, lítill og minni háttar sala varasamra efna | 0,5 | 12.845 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,33 | 6.056 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir | 0,25 | 4.588 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 13.763 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | 11.010 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 0,5 | 11.010 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með matvæli, hreingerningaefni o.fl., lítil | 0,5 | 9.175 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar, litlar | 1 | 18.350 |
| 92.62.0.1 | Hestaleigur og reiðskólar | 0,5 | 8.875 |
| 80.10.0.5 | Hestamiðstöð | 0,5 | 9.175 |
| 50.20.0.15 | Hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 9.175 |
| 55.11.0.3 | Hótel og gististaðir með veitingasölu | 1 | 68.380 |
| 55.11.0.2 | Hótel og gististaðir með veitingasölu, minni | 1 | 44.040 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 1 | 18.350 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 1 | 25.690 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 29.360 |
| 92.61.0.7 | Íþróttavellir | 0,5 | 12.845 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 27.525 |
| 55.40.0.3 | Kaffisala (kaffi og kökur), sumaropið | 0,5 | 9.175 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 4.588 |
| 15.20.7.0 | Kítín- og kítósanframleiðsla | 2 | 168.820 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla, stærri | 2 | 81.710 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 29.845 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús, án matsölu | 1 | 23.855 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús, með matsölu | 1 | 68.380 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnavinnsla, lítil | 1 | 33.515 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnavinnsla, miðlungs | 2 | 47.710 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnavinnsla, stór | 2 | 62.390 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 39.020 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 1 | 28.010 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Eftirlitsgjald kr. |
|---|---|---|---|
| 85.32.2.2 | Leikskólar með eldhúsi | 1 | 40.370 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi | 1 | 29.360 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 0,5 | 12.845 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 1 | 22.020 |
| 74.81.0.2 | Ljósmyndastofur með framköllun | 0,15 | 2.982 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú, lítið | 0,5 | 8.258 |
| 01.25.2.1 | Loðdýrabú, stórt | 1 | 22.020 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám | 1 | 27.525 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir | 1 | 51.865 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs | 1 | 64.710 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir | 1 | 72.050 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 36.700 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 2 | 55.050 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 3 | 88.080 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 72.050 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 100.060 |
| 20.30.9.5 | Málningaraðstaða | 0,25 | 4.588 |
| 85.31.1.0 | Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga | 1 | 27.525 |
| 15.61.0.2 | Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum | 1 | 23.855 |
| 20.20.0.1 | Meindýravarnir | 0,25 | 11.200 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 6 | 141.780 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú og ostagerð | 6 | 195.480 |
| 51.57.02 | Móttaka brotamáls | 1 | 25.690 |
| 51.57.03 | Móttaka úrgangs til endurvinnslu | 0,5 | 11.010 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 39.020 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 2 | 50.030 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 2 | 68.380 |
| 51.57.01 | Niðurrif bifreiða | 1 | 22.020 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 9.175 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 27.525 |
| 26.82.9.2 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu | 1 | 36.700 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 8 | 146.800 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 1 | 29.360 |
| 25.20.00 | Plastvöruframleiðsla | 0,5 | 20.185 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,5 | 9.175 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | 20.185 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 1 | 31.195 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,25 | 5.505 |
| 92.13 | Rekstur kvikmyndahúsa | 0,5 | 11.928 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 28.010 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna og hættulegra efna | 1 | 18.350 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Eftirlitsgjald kr. |
|---|---|---|---|
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 2 | 68.380 |
| 85.31.4.0 | Sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 13.763 |
| 15.33.0.4 | Samlokugerð, lítil | 0,5 | 22.505 |
| 85.11.2.0 | Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 0,5 | 19.268 |
| 85.11.1.3 | Sjúkrahús, með fullbúnu eldhúsi | 2 | 90.400 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 9.175 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 1 | 34.865 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 55.050 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 4.588 |
| 85.32.3 | Skóladagheimili | 1 | 29.360 |
| 80.10.0.3 | Skólar með fullbúnu eldhúsi | 2 | 50.030 |
| 80.10.0.2 | Skólar með móttökueldhúsi | 1 | 29.360 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar | 1 | 18.350 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 4.129 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir | 1 | 35.350 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús, lítil | 1 | 27.525 |
| 15.11.0.0 | Sláturhús, stór | 2 | 64.710 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 11.010 |
| 52.33.0.1 | Snyrtivöruverslun | 1 | 18.350 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 33.030 |
| 90.00.0.8 | Sorphaugar 2. fl. | 2 | 190.840 |
| 90.00.0.89 | Sorphaugar 3. fl. | 2 | 146.800 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðstofur | 1 | 18.350 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 0,5 | 11.010 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir < 16 manns | 1 | 29.360 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir 17-50 manns | 1 | 33.030 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1 | 27.525 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 2 | 61.040 |
| 80.10.0.4 | Sumarbúðir | 1 | 27.525 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 35.350 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 1 | 56.020 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 2 | 91.016 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 23.855 |
| 85.33.6.3 | Söfn | 0,5 | 9.175 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 0,5 | 9.175 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli | 1 | 20.185 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,5 | 11.010 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 0,5 | 9.175 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 4.588 |
| 20.30.9.4 | Trésmíðaaðstaða | 0,25 | 4.588 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði, án lökkunar | 0,5 | 20.185 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Eftirlitsgjald kr. |
|---|---|---|---|
| 20.30.9.3 | Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 9.175 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði, með lökkun | 0,5 | 27.525 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöð | 2 | 95.420 |
| 80.10.0.6 | Útihátíð | 1 | 28.010 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur, 2.000 - 5.000 íbúa | 5 | 310.050 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur, 500 - 2.000 íbúa | 2 | 75.340 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveitur, einka m/matvælavinnslu | 1 | 18.350 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur, færri íbúar en 500 | 1 | 28.010 |
| 55.30.1.7 | Veitingavagnar | 0,25 | 6.423 |
| 50.20.0.14 | Verkstæði fyrirtækja | 0,5 | 11.928 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 1 | 22.020 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaraðstaða | 0,25 | 6.423 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á fiski, lítil | 0,5 | 18.835 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á fiski, miðlungs | 1 | 35.350 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á fiski, stór | 1 | 57.370 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 14.680 |
| 25.21.0.3 | Vinnsla með trefjaplast | 1 | 33.030 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á grænmeti | 0,33 | 6.056 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir, 10-50 MW | 0,5 | 40.370 |
| 40.10.0.2 | Virkjanir, 2-10 MW | 0,5 | 31.195 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir, stærri en 50 MW | 1 | 97.740 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,25 | 4.588 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 1 | 20.185 |
| 63.21.0.0 | Vöruflutningamiðstöðvar, litlar | 0,5 | 9.175 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 11.010 |